

Nd.

453. Breytingartillögur

[133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (GPG).

Við 23. gr.

a. 4. mgr. falli brott.

b. Á eftir 4. mgr. komi tvær nýjar mgr., sem orðist svo:

Bætur samkvæmt II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, eru undanþegnar útsvarsálagningu.

Frá tekjum gjaldanda skal draga, áður en útsvar er lagt á:

- a. 50% af launatekjum giftrar konu samkvæmt reglum 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
- b. hlífðarfatakostnað, fæðiskostnað og annan sérstakan frádrátt til handa sjómönnum samkvæmt reglum 14. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
- c. námskostnað og útgjöld vegna menntunar barna samkvæmt E-lið 13. gr. og 2. tl. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
- d. útsvar síðasta árs, hafi það verið greitt að fullu á réttum gjalddögum.